



» ÍLENGDIST ÞAR SEM HANN LANDAÐI FYRST

Ólafur Einarsson, útgerðarmaður, er á leiðinni til Noregs á nýjum Trefjabáti. Fiskifréttir fóru með Ólafi í reynslusiglingu og spurðu fréttu um sjómanslífið í Noregi. » 6-7




SAMHENTIR
UMBÚÐALAUSNIR

Suðurhrauni 4 • 210 Garðabæ • Furuvellir 3 • 600 Akureyri
Sími: 575 8000 • Fax: 575 8001 • www.samhentir.is

Fiskifréttir

FIMMTUDAGUR

7. NÓVEMBER 2019

45. töl. 38. árg.



Einyrkjar í mótbyr

Þorlákur G. Halldórsson var kosinn formaður LS á síðasta aðalfundi. » 2

Stórhuga bræður

Bræðurnir Bragi og Ægir Örn Valgeirssynir keyptu nýlega þrjá dráttarbáta og áttu einn fyrir. » 4



Selir í Surtsey

Einstakar myndir af sellátri í Surtsey - þær fyrstu í áratugi - gleðja augað. » 8



Tímarit Fiskifrétta fylgir blaðinu í dag



Fréttir hafa borist af tregfiskeríi víða á Íslandsmiðum enda hafa brætur gert mönnum lífið leitt að andanfögnu. Hér er verið að taka trollið á Helgu Maríu RE 1 á dögnum.

MYND/BORGAR BJÖRGVINSSON

Þriðjungur seldur undir fölsku flaggi

Um þriðjungur af öllum fiski sem er framleiddur í heiminum er seldur undir fölsku flaggi,“ sagði Jónas Rúnar Viðarsson, fagstjóri hjá Matís, þegar hann flutti erindi í Þekkingarsetri Vestmannaeyja nýverið. „Þetta getur haft áhrif á okkur

vegna þess að þetta er fiskur sem er seldur í samkeppni við okkur eða jafnvel undir því yfirsíkinu að þetta sé fiskur frá okkur.“

Jónas kom víða við í erindi sínu og nefndi meðal annars að styrkjafyrirkomulagið í norskum sjávarútvegi sé allt annað en fólk

eigi að venjast hér heima. „Þar eru Norðmenn í annarri deild en við.“ Þá sagði hann að þótt hefðbundnum störfum við veiðar og vinnslu muni halda áfram að fækka þá megi reikna með því að störfum í íslenska sjávarklasnum almennt fjölgi áfram. » 5

Kælimiðlar

á Íslandi síðan 1941.

Kristján G. Gíslason EHF
kgg@kgg.is • 55-20000 • www.kgg.is

DUPONT

er nú

Chemours™

Ammoníak
R-404a • R-32 • R-507a • R-422a/d
R-449a • MO29 • R-134a • MO49
R-1234yf • MO79





Frá Vestmannaeyjahöfn.

MYND/ÓSKAR P. FRÍÐRIKSSON

Hnattræn hlýnun kallar á undirbúning Íslendinga

Ekkert bólar á viðbragðsáætlun

Jónas Rúnar Viðarsson fór vítt í erindi sínu á Þekkingarsetri Vestmannaeyja nýverið.

GUDSTEINN BJARNASON
gudsteinn@fiskifrettir.is



Jónas Rúnar Viðarsson.

Um þriðjungur af öllum fiski sem er framleiddur í heiminum er seldur undir fölsku flaggi. Þetta er margoft búið að sýna fram á,“ sagði Jónas Rúnar Viðarsson, fagstjóri hjá Matís, þegar hann flutti erindi í Þekkingarsetri Vestmannaeyja nýverið. Þetta gerist til dæmis þegar menn reyna að koma fiski úr ólöglegum veiðum inn á markað, en líka þegar ódýrari tegundir eru seldar sem dýrari tegundir.

„Þetta getur haft áhrif á okkur vegna þess að þetta er fiskur sem er seldur í samkeppni við okkur eða jafnvel undir því yfirskini að þetta sé fiskur frá okkur,“ sagði hann. „Ef þú kaupir þorsk en færð svo bara einhvern pangasius sem er alinn upp í drullupólli í Víetnam og er kannski tvífrystur, og þetta er bara vondur fiskur, þá ertu kannski ekkert að fara að kaupa þorsk aftur.“

Engin viðbrögð

Jónas kom víða við í erindi sínu, en yfirskriftin var „Hvert stefnir sjávarútvegur á heimsvísu?“

Hann nefndi að eitt af því sem Íslendingar þurfa að horfa til á næstu árum og áratugum er hnattræn hlýnun og Jónas nefnir að flest ríki Evrópu hafi gert viðbragðsáætlanir, sem snúist

ekki um að minnka útblástur eins og þær áætlanir í loftslagsmálum sem mest hafa verið í umræðunni heldur hvað eigi að gera til að bregðast við þeim breytingum sem verða. Flestallar þjóðir í Evrópu eru byrjaðar á þessu og farnar að innleiða, en Ísland er ekki í þeim hópi. Enn bólar ekkert á viðbragðsáætlun enda þótt vissulega séu komnar áætlanir um að draga úr losun.

Norðmenn í annarri deild

Meðal annars fór yfir það sem aðrar þjóðir eru að gera markverðast í sjávarútvegi um þessar mundir, aðallega þá hvað varðar nýsköpun, þróun og rannsóknir. Lengst var þar dvalið við Norðmenn, og

Norðmenn setji líka verulega peninga í rannsóknir og þróun.

„Mikið af þessum verkefnum sem þeir eru að gera öðru vísi en við er fjármagnað af ríkinu. Þetta væri ekki í gangi nema menn væru að setja pening í þetta frá ríkinu,“ og sagði Ísland og Noreg varla samanburðarhæf í þessu samhengi. „Þar eru Norð-

menn í annarri deild en við,“ sagði hann og nefndi dæmi um tvö „lítil“ norsk rannsóknarverkefni sem hann tekur þátt í, QualiFish sem snýst um að frysta og þýða upp fisk, þannig að gæðin haldist sem best, og Supreme sem gengur út á að bæta nýtingu á aukahráefnum.

Þessi verkefni fá, hvort um sig, um 200 milljónir íslenskar í styrk. „Til samanburðar er AVS sjóðurinn sem á að standa undir rannsóknum í sjávarútvegi hjá okkur um 250 milljónir á ári.“

Störfum fækkar og fjölgar

Þá kom Jónas inn á fækkun starfa í sjávarútvegi, en benti á að þótt störfum við veiðar og vinnslu muni að öllum líkindum halda áfram að fækka vegna tækniframfara og aukinnar framleiðni, þá muni störfum í íslenska sjávarklasnum halda áfram að fjölga töluvert.

„Það eru tæknifyrirtækin, það eru lífeyrnifyrirtækin, allt sem þú getur tengt við þjónustu og annað sem er í kringum sjávarútveginn sem ekki er beint veiðar og vinnsla,“ sagði Jónas.

Hann vitnaði í skýrslu sem Íslenski sjávarklasinn gerði fyrir nokkrum árum, þar sem fram kom að störf í sjávarklasnum íslenska hafi verið rúmlega 25 þúsund árið 2011 en þeim geti fjölgað verulega og orðið meira en 35 þúsund árið 2023.

„Hvort þetta verði nákvæmlega svona, það veit ég ekki,“ sagði hann, en skýrslan væri þó enn í fullu gildi.

800 þúsund laxar svelta í kvíum

Hremmingar laxeldis í Chile

Mótmælaalda gegn stjórnvöldum í Chile hefur bitnað illilega á laxeldisfyrirtækjum þar í landi.

Um 800 þúsund laxar eru sagðir svelta í kvíum sex eldisfyrirtækja vegna þess að starfsfólkið kemst ekki til vinnu. Þá liggja um 320 tonn af fiski undir skemmdum í vinnslustöðvum af sömu ástæðu. Fréttastofan Bloomberg greinir frá þessu.

Ekki bætir úr skák að nú hafa rússnesk stjórnvöld nú tilkynnt að þau muni af heilsufarsástæðu ekki heimila innflutning á laxi frá helstu eldisstöðvum í Chile. Rússar halda því fram að efni á borð við kadmíum og oxýtetrasýklín hafi fundist í afurðunum. Fréttavefurinn Undercurrent News greinir frá þessu.

Eftir að Rússar lokuðu árið 2015 á innflutning sjávarafurða frá ríkjum Evrópusambandsins

ásamt Íslandi og Noregi hafa framleiðendur í Færeyjum og Chile nýtt sér rússneska markaðinn óspart.

Chile hefur verið að framleiða um fjórðunginn af öllum eldislaxi í heiminum og rússneski markaðurinn hefur verið mikilvægur. Árið 2018 keyptu Rússar 50 þúsund tonn af heilfrystum laxi frá Chile.

Norsk laxeldisfyrirtæki hafa verið stórtæk í starfsemi í Chile, en mesti vöxtur laxeldis í heiminum á síðustu árum hefur verið í Chile.

Mótmælin eru þau mestu í landinu frá því valdatíð einræðisherrans Augusto Pinochet lauk árið 1990. Mótmælin nú beinast gegn stjórnvöldum sem sökuð eru um spillingu og versnandi lífskjör almennings.

» gudsteinn@fiskifrettir.is



Laxeldisstöð í Chile.

MYND/EPA

VIÐ ERUM GÓDIR Í VARMA

- Olúkynditæki
- Olú- og rafmagnskatlar fyrir gufu og vatn
- Viðarkyndingar
- Varmadætur
- Vatnshitablásarar
- Þjónusta, ráðgjöf og varahlutir



VARMA & VÉLAVERK EHF.

Vandað og varanlegt

Knarrarvogi 4 104 Reykjavík Sími 585 1070 Fax 585 1071
vov@vov.is www.vov.is